

REGLUR um bindiskyldu.

1. gr.

Skilgreining hugtaka.

Bindireikningur: Reikningur í Seðlabanka Íslands sem bindiskyldum aðila er skylt að leggja bindifjárhæð inn á til að uppfylla bindiskyldu.

Bindiskylda: Skylda bindiskylds aðila til að eiga nánar tilgreinda bindifjárhæð á bindireikningi í Seðlabanka Íslands yfir binditímabil.

Binditímabil: Það tímabil sem bindiskyldur aðili hefur til þess að uppfylla álagða bindiskyldu, nánar tiltekið frá og með 21. hvers mánaðar til og með 20. næsta mánaðar. Binditímabil tekur til virkra daga og frídaga.

Eftirstöðvatími: Fjöldi daga sem eftir er af efndatíma skuldaliðar, talinn frá dagsetningu skýrslu-skila skv. 7. gr. til fyrsta mögulega gjalddaga.

Endurhverf viðskipti: Mótvirði reiðufjár sem fengið er gegn skiptum á verðbréfum sem bindiskyldur aðili selur á ákveðnu verði með skuldbindingu um endurkaup á sama (eða svipuðu verðbréfi) á föstu verði á ákveðnum degi í framtíðinni.

Innlán: Til innlána teljast í reglum þessum fjárhæðir sem bindiskyldur aðili skuldar viðskiptavinum aðrar en þær sem tilkomnar eru vegna útgáfu framseljanlegra skuldaskjala.

Innlán með umsömdum binditíma: Óframseljanleg innlán sem ekki er hægt að breyta í laust fē fyrir ákveðinn tíma eða er einungis hægt að breyta í laust fē fyrir þann tíma gegn greiðslu kostnaðar.

Innlán sem eru uppsegjanleg eftir tilkynningu: Óframseljanleg innlán sem ekki hafa umsaminn lánstíma og ekki er hægt að breyta í laust fē nema með tilkynningu sem þarf að berast með tilteknum fyrirvara eða er einungis hægt að breyta í laust fē fyrir þann tíma gegn greiðslu kostnaðar.

Peningamarkaðsbréf: Framseljanleg skuldaviðurkenning, önnur en skuldabréf eða víxill, sem verslað er með á peningamarkaði.

Útgefin skuldabréf: Verðbréf, önnur en hlutafé eða peningamarkaðsbréf, sem gefin eru út af bindiskyldum aðila og sem hægt er að eiga viðskipti með á eftirmarkaði.

2. gr.

Bindiskyldir aðilar.

Eftirfarandi aðilar eru bindiskyldir á grundvelli reglna þessara:

1. Fjármálfyrirtæki sem hafa starfsleyfi skv. 1., 2. og 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki.
2. Útibú erlendra fjármálfyrirtækja sem fengið hafa staðfestu og samsvarandi starfsleyfi í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 31. gr. laga nr. 161/2002 og starfa hér á landi.
3. Útibú erlendra fjármálfyrirtækja með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem fengið hafa heimild Fjármálaeftirlitsins skv. 33. gr. laga nr. 161/2002 enda hafi fyrirtækið hliðstætt starfsleyfi og 1., 2. og 3. tl. 1. mgr. 4. gr. sömu laga kveður á um í heimaríkinu, starfsemin sem fyrirtækið stundar hér á landi sé sambærileg og að starfsemi fyrirtækisins sé háð sambærilegu fjármálaeftirliti og lög nr. 87/1998 kveða á um í heimaríkinu.

Bindiskylda nær til viðskiptabanka, sparisjóða og annarra aðila, sem á hverjum tíma er heimilt skv. lögum að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar, og fjármálfyrirtækja sem starfa á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 og eru ekki bundin af ákvæðum sérlaga eða fjárlaga hverju sinni um öflun fjár til starfsemi sinnar. Sama gildir um útibú samsvarandi erlendra fjármálfyrirtækja sem starfa hér á landi, sbr. 2. og 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002.

Komi til þess að bú bindiskylds aðila sé tekið til slita, skv. XII. kafla laga nr. 161/2002, fellur bindiskylda hans samkvæmt reglum þessum niður.

3. gr.

Bindigrunnur.

Eftirfarandi skuldaliðir mynda bindigrunn bindiskylds aðila:

1. Innlán með eftirstöðvatíma til tveggja ára eða skemur.
 2. Útgefin skuldabréf og víxlar með eftirstöðvatíma til tveggja ára eða skemur.
 3. Peningamarkaðsbréf með eftirstöðvatíma til tveggja ára eða skemur.
- Eftirfarandi skuldaliðir teljast ekki með í bindigrunni:
1. Skuldir við Seðlabanka Íslands.
 2. Endurhverf viðskipti.
 3. Skuldir bindiskylds aðila við annan bindiskyldan aðila.

4. gr.

Bindihlutföll.

Peningastefnunefnd ákveður bindihlutfall liða í bindigrunni, skv. 3. gr. reglna þessara. Gera skal opinberlega grein fyrir ákvörðun peningastefnunefndar um bindihlutfall. Bindiskyldum aðilum er tilkynnt um bindifjárhæð til samræmis við 1. mgr. 6. gr. reglna þessara.

5. gr.

Bindifjárhæð.

Eftir útreikning bindiskyldu hverju sinni skal bindifjárhæðin vera margfeldi bindigrunns og bindihlutfalls eins og skilgreint er í 3. og 4. gr. reglna þessara.

Vanræki bindiskyldur aðili að skila sundurliðunarblaði vegna útreiknings bindiskyldu til Seðlabankans innan þeirra tímamarka, sem greind eru í 7. gr. reglna þessara, er bankanum heimilt að úrskurða bindifjárhæð á grundvelli meðaltals tveggja síðustu sundurliðunarblaða vegna útreiknings bindiskyldu sem borist hafa frá viðkomandi aðila auk 10% álags fyrir hvern mánuð og hlutfallslega fyrir brot úr mánuði.

6. gr.

Uppgjör bindingar.

Útreikningur bindifjárhæðar fer fram fyrir 21. hvers mánaðar og miðast við upplýsingar um meðalstöðu bindigrunns eins og hann er reiknaður samkvæmt reglum þessum við lok síðustu tveggja mánaða. Binditímabil er frá og með 21. hvers mánaðar til og með 20. næsta mánaðar og skal bindiskyldum aðilum tilkynnt fyrir upphaf þess um bindifjárhæð.

Bindiskyldu skal uppfylla með því að leggja bindifjárhæð inn á bindireikning. Bindiskyldir aðilar skulu sjá til þess að innstæða þeirra á bindiskyldureikningi í Seðlabankanum sé að meðaltali á hverju binditímabili eigi lægri en tilkynnt bindifjárhæð. Sé innstæða á bindireikningi að meðaltali á binditímabili lægri en tilskilin bindifjárhæð reiknar Seðlabankinn dagsektir, skv. 1. mgr. 2. gr. gildandi reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsektta, á þá fjárhæð sem á vantar að meðalinnstæða bindiskyldureiknings nái tilskilinni bindifjárhæð, og skulu viðurlögin skuldfærð á viðskiptareikning viðkomandi aðila að liðnum að minnsta kosti sjö dögum frá því að ákvörðun um dagsektir var kynnt aðila sbr. 3. mgr. 6. gr. nefndra reglna. Um ákvörðun dagsektta, kærheimild og innheimtu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði 6., 7. og 8. gr. ofangreindra reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsektta.

Peningastefnunefnd ákveður vexti á bindifjárhæð.

7. gr.

Skýrsluskil.

Sundurliðunarblað vegna útreiknings bindiskyldu frá bindiskyldum aðilum þar sem fram koma upplýsingar um bindigrunn í samræmi við skilgreiningar í 3. og 4. gr. reglna þessara skal hafa borist upplýsingasviði Seðlabankans eigi síðar en 11. dag hvers mánaðar eða næsta dag þar á undan ef skiladag ber upp á almennan frídag bankamanna.

Innri endurskoðandi bindiskylds aðila, ef hann er til staðar, eða aðalbókari skal yfirfara aðferðir við skýrslugerð bindiskyldu að minnsta kosti einu sinni á ári og senda Seðlabankanum skriflega yfirlýsingu þar um. Á grundvelli þess getur Seðlabankinn beint tilmælum til bindiskylds aðila um betri framkvæmd skýrsluskila.

Nr. 870

30. september 2015

8. gr.

Milliganga um bindiskyldu.

Seðlabankinn getur, með sérstakri ákvörðun, leyft einum bindiskyldum aðila að fela bindiskyldu fjármálfyrirtæki að annast bindiskyldu fyrir sína hönd. Eigi að síður skulu allir bindiskyldir aðilar láta Seðlabankanum í té upplýsingar skv. 5. gr. Bankinn mun tilkynna þeim fjármálfyrirtækjum sem annast bindiskyldu fyrir aðra bindiskylda aðila bindifjárhæðir þeirra. Heildarbifjárhæð þess fjármálfyrirtækis, sem fer með bindiskyldu fyrir aðra bindiskylda aðila, skal vera jöfn samtölu bindifjárhæðar þess og hvers þess aðila sem það fer með bindiskyldu fyrir. Seðlabanki Íslands getur kallað eftir upplýsingum, frá því fjármálfyrirtæki sem uppfyllir bindiskyldu fyrir aðra, innan binditímabils, um stöðu uppfyllingar bindiskyldu þess fjármálfyrirtækis. Seðlabankinn getur afturkallað millögöngu hvenær sem er og ákveður frá hvaða tíma uppsögnin gildir.

9. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 11. gr., sbr. 1. mgr. 24. gr., laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um bindiskyldu nr. 373 frá 15. apríl 2008. Reglurnar gilda fyrst við útreikning bindiskyldu 21. október 2015. Reglur þessar voru ræddar og samþykktar á fundi peningastefnunefndar þann 29. september 2015.

Reykjavík, 30. september 2015.

Seðlabanki Íslands,

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri.

Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur.

B-deild – Útgáfud.: 1. október 2015